

Upplýsingar til sjúklinga fyrir aðgerð með aðkomu svæfingarlæknis

Fyrir aðgerð

- Hætta þarf á blóðþynningarlyfjum (og lýsi) í viku fyrir aðgerð í samráði við lækinn, sem er ábyrgur fyrir þeirri meðferð.
- Að morgni aðgerðardags skaltu taka inn lyfin þín, að blóðþynningarlyfjum undanskildum og öðrum þeim, sem skurðlæknirinn kynni að hafa tilgreint sérstaklega.
- Nauðsynlegt er að vera **fastandi** á mat og drykk í minnst 6 klukkustundir fyrir aðgerð. Þú mátt drekka 1 glas af tærum drykk 2 tímum fyrir komu. Tærir drykkir eru vatn, kaffi (án mjólkur) og tær ávaxtasafi. Þú mátt líka taka nokkra vatnssopa með nauðsynlegum lyfjum klukkustund fyrir aðgerð.
- Taktu af þér alla skartgrip, fjarlægðu hringa af hendi aðgerðar 2 dögum fyrir aðgerð, fjarlægðu naglalakk af fingrum og farðu í sturtu að morgni aðgerðardags. Ekki bera olíur eða krem á líkamann og ekki nota ilmvatn. Best er að koma í þægilegum fatnaði sem auðvelt er að fara úr og í.
- Vertu með símann á þér fyrir aðgerðina því mögulega verður hringt í þig og aðgerðinni flýtt eða seinkað. Ekki er leyft að taka myndir. Meðan á aðgerð stendur er slökkt á símanum. Símtöl eru ekki leyfð á vöknunarherbergi nema til að láta sækja sig.
- Þegar þú mætir á skurðstofugang Orkuhússins kemur þú til með að hitta skurðlækni og svæfingarlækni áður en kemur að skurðaðgerðinni.

Eftir aðgerð

- Eftir aðgerð ferðu inn á vöknunarherbergi og jafnar þig. Þegar þú hefur jafnað þig ræðir skurðlæknirinn við þig og þú færð að fara heim.
- Oftast eru einhver óþægindi frá aðgerðarsvæðinu fyrstu dagana eða vikurnar. Í sumum tilfellum dugar að taka Panodil og bólgueyðandi lyf eins og Ibufen. Lyfin fást án lyfseðils. Í öðrum tilfellum mun skurðlæknir ávísa í viðtali fyrir aðgerð eða við útskrift, verkja- og/eða bólgueyðandi lyfjum eftir því við hve miklum verkjum má búast við.
- Vegna deyfingar- eða svæfingarlyfjanna mátt þú **ekki keyra** í sólarhring eftir aðgerð.
- Fara má í sturtu. Hlífa þarf umbúðunum með plastpoka.
- Ef eitthvað óvænt ber að höndum, svo sem svæsnir verkir, mikil blæðing eða hækkaður líkamshiti, skaltu hafa samband við skurðlækninn.

Með kærri kveðju,

Björn Pétur Sigurðsson
bæklunar- og handarskurðlæknir
Orkuhúsinu
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogi
Sími 520-0100
Netfang laeknastodin@orkuhusid.is
Neyðarnúmer GSM 824-5985